

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla

2017

Setbergi 7. desember 2017

Skýrsla formanns

Tuttugasta og þriðja starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2017.

Veður- og vallarmál

Völlurinn var í frábæru ástandi í sumar. Flatirnar voru klárlega með þeim bestu á landinu. Síðasti vetur var mildur og engar skemmdir voru í vellinum í vor. Starfsmenn klúbbsins sáu um umhirðu vallarins. Er tilefni til þess að hrósa þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf. Gerður var samningur við Golfklúbbinn Keili um kaup á sérfræðiþjónustu, s.s. ráðgjöf, áburðargjöf, söndun, götun og sáningu. Ekki var fastur starfsmaður á vellinum frá Keili eins og árið áður.



Veðrið í sumar var mjög hagstætt og völlurinn fór í mjög góðu ástandi inn í veturinn. Bindum við miklar vonir við að völlurinn verði í góðu ástandi næsta sumar.

Þessa mynd af níundu flöt tók Elín Reynisdóttir á fallegum degi í sumar.

Umsjá golfbrauta

Í sumar var bryddað upp á þeirri nýjung að fá hópa félaga til að hafa umsjá með tilteknum brautum vallarins. Hver hópur átti að taka að sér eina braut og bakka vallarstarfsmenn upp í því að halda viðkomandi braut þannig að hún væri til fyrirmyndar. Þetta mátti gera með því til dæmis að laga boltaför á flötum, setja sand í kylfuför á teigum og jafna sand í glompum. Það var svo hópunum í sjálfsvald sett hvort þeir teygðu sig lengra til dæmis með því að mála hæla og bekki, með gróðursetningu blóma o.s.frv. Verkefnið gekk að mörgu leyti ágætlega. Það mætti hugsa sér að útfæra það með öðrum hætti á næsta ári s.s. með því að fólk geti boðið sig fram til þess að vera í hópi sem tekur að sér ákveðin verkefni á vellinum. Þetta mætti launa með því að bjóða viðkomandi aðilum í golfmót, mat og drykk eftir vinnu á vellinum. Eins og rætt var þegar verkefnið um umsjá brauta var kynnt þá átti að krýna einhvern sigurvegara.



Hver hópur sá um eina braut. Hópur undir stjórn Ólafs Hauks Guðmundssonar sá um áttundu braut og lenti örugglega í öðru sæti. Sá hópur sem bar sigur úr býtum þetta árið var hópurinn sem sá um þriðju brautina. Hópurinn sem laut stjórn þeirra Elínar Reynisdóttur og Jóns Sigurðssonar þakkaði félagsmönnum samstarfið um sumarið með fallegri kveðju í bændaglímunni.

Rekstur

Í byrjun árs voru 430 félagar skráðir í klúbbinn en 420 undir lok árs. Óbreytt fyrirkomulag var á aðgengi að vellinum. Sala á flatargjöldum var sambærileg og árið áður. Aðsókn í mót var svipuð og árið áður.

Óbreytt fyrirkomulag var á rekstrinum fyrir utan að samstarfssamningur við Golfklúbbinn Keili var aðeins breyttur frá fyrra ári.

Niðurstaða rekstrarins er nokkurn veginn í samræmi við fjárhagsáætlun. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður þá er klúbburinn skuldlaus. Eignir klúbbsins eru um kr. 25.000.000 og er markmiðið að auka þær enn frekar til þess að eiga fyrir eiginfjárframlagi þegar hafist verður handa við að byggja nýja aðstöðu fyrir klúbbinn.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Fjárfest var í gámum og aðstöðu fyrir vélar og tæki. Keyptar voru tvær sláttuvélar sem klúbburinn hefur haft á leigu. Er klúbburinn núna orðinn eigandi að þeim tækjum og geymslum sem þarf til að reka völlinn fyrir utan að það þyrfti að fjárfesta í vinnubíl. Er klúbburinn því í betri stöðu til þess að gera samning um umhirðu vallarins við einn aðila.

Nýir rauðir teigar voru byggðir á tíundu og fimmtánda braut. Ólafur Haukur Guðmundsson sá um þá framkvæmd og færur við honum bestu þakkir fyrir þetta framtak.

Nýliðanámskeið og unglingsstarf

Haldin voru nýliðanámskeið í byrjun sumars. Voru þau í boði klúbbsins. Á námskeiðunum, sem stóðu yfir í 3 klukkustundir, var farið yfir sveifluna, stutta spilið, púttin, helstu golfreglur og aðgengi að www.golf.is. Var almenn ánægja með þessi námskeið og fullt tilefni til þess að hafa þau aftur næsta vor.



Barna og unglinganámskeið voru haldin á vegum klúbbsins í júní og ágúst. Umsjá með námskeiðunum var í höndum Hrafns Guðlaugssonar og sinnti hann því hlutverki einstaklega vel. Krakkarnir voru mjög ánægðir og fylltist fljótt í námskeiðið í ágúst.

Á myndinni eru nokkrir efnilegir kylfingar.

Ólafur Jóhannesson IPGA golfkennari var golfkennari klúbbsins.

Félagsstarf

Konurnar byrjuðu sitt starf með því að pútta í Hraunkoti frá febrúar til apríl. Púttmeistari s.l. vetrar varð Lovísa Hermannsdóttir. Sumarstarfið byrjaði með fundi í golfskálanum þann 19. maí þar sem starfið var kynnt ásamt því að Hörður Þorgilsson sálfræðingur flutti fyrirlestur. Konurnar hittust á mánudögum og áttu frátekinn rástíma í u.þ.b. eina klukkustund. Fóru þær í heimsóknir til annarra klúbba ásamt því að konur úr Golfklúbbi Suðurnesja komu í heimsókn til þeirra.

Á þriðjudögum var í boði fyrir karlana að hittast og spila saman. Það er mikilvægt að auka þetta starf og mætti t.d. hugsa sér að fara í skipulagðar heimsóknir til vinaklubbanna.

Sjálfboðavinnudagur var haldinn s.l. vor og var góð mæting af hálfu félaga.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, tvö opin mót, meistaramót, bikarkeppni, kvennamót og nokkur innanfélagsmót. Klúbbmeistari karla varð Tryggvi Valtýr Traustason og klúbbmeistari kvenna varð Jóhanna Sveinsdóttir. Bikarmeistari karla varð Þorsteinn Erik Geirsson og bikarmeistari kvenna varð Jóhanna Sveinsdóttir.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn klúbbsins skipuðu

Högni Friðþjófsson formaður, Björn Eysteinnsson varaformaður, Pétur Einarsson gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Óskar Sigurmundason, Karl Ísleifsson og Þórarinn Sófusson meðstjórnendur.

Nefndir klúbbsins skipuðu

Mótanefnd: Heiðrún Harpa Gestsdóttir formaður, Hörður Gunnarsson og Árni Björn Erlingsson.

Vallarnefnd: Karl Johan Brune, Högni Friðþjófsson Gunnlaugur Guðjónsson og Pétur Einarsson.

Aganefnd: Þórarinn Sófusson, Óskar Sigurmundason, Örn Andrés, Ingólfur Teitur Garðarsson og Brynjar Sigtryggsson.

Forgjafarnefnd: Einar Sigurðsson formaður, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.

Kvennanefnd: Elísabet Gunnarsdóttir formaður, Kristín Birgisdóttir og Inga Jóhannsdóttir.

Einar Hjaltason sá um heimasíðuna www.gse.is. Það er mjög mikilvægt að klúbburinn leiti leiða til þess að nýta samskiptamiðla enn betur s.s. Twitter og Instagram. Facebook – síðan „**allir í gse**“ hefur virkað mjög vel og þurfum við helst að fá sem flesta félaga til þess að gerast aðilar að þeim hópi.

Hola í höggi

Jón Sigurðsson, 2. hola, Jakob Bjarnar Grétarsson, 11. hola, Ólöf Kristín Sveinsdóttir 2. hola, Rúnar Þór Bjarnason 2. hola, Óskar Hrafn Ólafsson, 2. hola og Ingólfur T. Garðarsson 14. hola, skv. upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni Gólfbands Íslands

Karlasveit klúbbsins spilaði í 2. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Borgarness. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Helgi Birkir Þórisson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Anton Eiríksson, Kristinn Gústaf Bjarnason, Hjörtur Brynjarsson, Siggeir Vilhjálmsson og Sigurjón Sigmundsson. Sveitin endaði í 2. sæti og leikur því í 1. deild á næsta ári.

Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 3. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Sandgerðis. Sveitina skipuðu Karl Johan Brune, Óskar Hrafn Ólafsson, Jón Sigurðsson, Andrés Þórarinnsson, Sigurður Oddur Sigurðsson, Árni Björn Erlingsson og Sigurbjörn Þorsteinsson. Sveitin endaði í 2. sæti og leikur því í 2. deild á næsta ári.



Kvennasveit klúbbsins spilaði í 2. deild sveitakeppni GSÍ í öldungaflokki og fór keppnin fram hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja. Sveitina skipuðu Herdís Sigurjónsdóttir, Elín Reynisdóttir, Lovísa Hermannsdóttir, Jóhanna Margrét Sveinsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Herdís Hermannsdóttir. Liðsstjóri var Sigrún Eir Héðinsdóttir. Þær gerðu sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar. Hver segir að öflugt unglíngastarf skili sér ekki á endanum.

Starfsmenn klúbbsins

Starfsmenn klúbbsins á vellinum voru Friðþjófur Einarsson, Hákon Pétursson og Þorsteinn Erik Geirsson.

Um rekstur á golfskála sá Sigríður Lilja Samúelsdóttir en henni til aðstoðar voru Bóel Jónsdóttir, Katrín Eiðsdóttir og Jón Sigurðsson. Jana og Tommi óskuðu eftir því s.l. vetur að hætta með rekstur golfskálans. Þau voru klúbbum innan handar við að finna nýjan rekstraraðila. Við þökkum Jönu og Tomma kærlega fyrir þeirra störf fyrir klúbbin.

Framtíðarstarfsemi klúbbsins

Golfklúbburinn Setberg og Golfklúbburinn Keilir sendu bréf s.l. vor til Hafnarfjarðarbæjar þar sem óskað var eftir því að hafist yrði handa við að þróa hugmyndir um landnotkun á svæði nærri Hvaleyrarvatni sem aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir þegar ráð fyrir að verði fjölnota íþrótt- og útivistarsvæði með golfvelli (Íþ7, Íþ9 og svæðið þar á milli). Var lagt til að samið yrði við Edwin Roald um að leiða vinnu við þróun hugmynda um landnotkun á svæðinu.

Óskað var eftir því að Hafnarfjarðarbær samþykkti að greiða kostnað sem til félli vegna þróunar hugmynda um landnotkun á svæðinu sem gætu orðið grundvöllur að deiliskipulagi fyrir svæðið. Bréfið var kynnt fyrir stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar ásamt því að óskað var eftir því að erindi þess yrði tekið fyrir á þingi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Á þinginu var samþykkt að skora á Hafnarfjarðarbæ að hefja þessa vinnu.

Íþrótt- og tómstundanefnd hefur nú fjallað um málið og tekur vel í að félagið muni fá aðstöðu til framtíðar í bæjarlandi Hafnarfjarðar. Í bókun nefndarinnar er Umhverfis- og skipulagssvið hvatt til þess að hefja undirbúning að framtíðarskipulagi svæðisins með hagsmunaaðilum.

Það liggur fyrir að það eru gríðarlegir hagsmunir fyrir klúbbin að þetta mál vinnist vel. Er lagt til að skipuð verði framtíðarnefnd klúbbsins sem vinni málið áfram í nánú samstarfi við stjórn klúbbsins.

Þrátt fyrir að mikil áhersla verði lögð á að byggja upp nýja framtíðaraðstöðu þá verðum við líka að hugsa um að bæta núverandi aðstöðu. Í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár er lagt til að áhersla verði lögð á að bæta göngustíga á vellinum og byggja við skálann aðstöðu fyrir rekstraraðila skálans.

Högni Friðþjófsson formaður.

Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýring	2017	2016
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		25.151.087	23.984.354
Tekjur af sölu vallargjalda		4.313.335	4.134.054
Tekjur af æfingasvæði		407.845	208.500
Styrkir og framlög	1	2.790.000	1.655.000
Tekjur af mótum	2	1.736.500	1.634.400
Framlag ÍSÍ vegna Lotto		407.845	480.816
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna		131.385	127.988
Vaxtatekjur		201.124	87.997
Rekstrartekjur samtals		35.139.121	32.313.109
Rekstrargjöld:			
Félagaskattur GSÍ		1.945.000	2.156.000
Sveitakeppni karla og kvenna	3	433.113	375.230
Umsjón skála		1.984.000	2.297.784
Verðlaun í mót	4	472.145	552.906
Kostnaður v/stjórnar nefnda		43.986	39.220
Innheimtukostnaður		165.081	252.237
Leiga á landi		5.111.415	5.913.615
Leiga á geymsluhúsnæði		1.400.000	750.000
Kaup / leiga á vélum		1.000.000	1.250.000
Laun og launatengd gjöld		4.816.787	4.381.954
Viðhald og rekstur vallar	5	1.252.514	1.215.379
Viðhald og rekstur véla	6	3.615.328	2.753.822
Rekstur skála	7	1.687.300	1.202.416
Leiga á gámum/ WC		395.817	678.737
Æfingasvæði boltar		127.878	675.352
Ræsing og umsjón		650.000	400.000
Aðkeypt þjónusta (Keilir og fl.)		2.612.060	4.406.072
Afskriftir		1.844.798	796.078
Ýmis kostnaður	8	122.095	186.196
Rekstrargjöld samtals		29.679.317	30.282.998
Hagnaður ársins		5.459.805	2.030.111

Golfklúbburinn Setberg


Efnahagsreikningur ársins 2017


Eignir	2017	2016
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	688.500	860.625
Golfbíll	114.750	143.438
Sláttuvélar 2012	382.500	478.125
Æfingasvæði / malbikun	1.600.000	2.000.000
Nýtt hús	400.000	500.000
Brautarsláttuvél 2014	3.060.000	3.825.000
Boltavél	320.000	400.000
Gámur	813.440	1.016.800
Gámar, vélar og tæki	3.100.000	0
Fastafjármunir samtals	10.479.190	9.223.988
Veltufjármunir:		
Banka innistæður Íslandsbanki	10.783.870	2.657.649
Banka innistæður Landsbankinn	4.034.054	7.955.672
Veltufjármunir samtals:	14.817.924	10.613.321
Eignir alls	25.297.114	19.837.309
Skuldir og Eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé flutt frá fyrra ári	19.837.309	17.807.198
Hagnaður	5.459.805	2.030.111
Eigið fé samtals	25.297.114	19.837.309
Skuldir		
Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	25.297.114	19.837.309

Setbergi 5. desember 2017


Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.


Örn Andrésen


Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Skýringar með rekstrarreikningi

2017

1. Styrkir og framlög

Hafnarfjarðarbær	1.000.000
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja	1.790.000
Samtals	<u>2.790.000</u>

2. Mótatekjur

Forkeppni bikars	96.000
Strákasprell 16.06	27.000
Góu mót 21.06	27.000
Jónsmessa	113.000
Meistaramót	425.000
Opna Setbergsmótið	520.000
Munch open	335.000
Áskorandamót Íslandsbanka	113.500
Bændaglíma	80.000
Samtals	<u>1.736.500</u>

3. Sveitakeppni karla og kvenna

Þátttökugjald	205.000
Ferðakostnaður	164.213
Annað	63.900
Samtals	<u>433.113</u>

4. Verðlaun í mót

Meistaramótið	370.000
Önnur mót	102.145
Samtals	<u>472.145</u>

5. Viðhald og rekstur vallar

Áburður	243.346
Sandur	282.944
Verkfæri	166.910
Rafmagn	210.300
Eitur og fl.	145.298
Ýmislegt	203.716
Samtals	<u>1.252.514</u>

6. Viðhald og rekstur véla

Olía og bensín	578.850
Tryggingar	361.509
Verkfæri	341.924
Varahlutir og viðgerðir	2.333.045
Samtals	3.615.328

7. Rekstur skála

Tryggingar	42.764
Rafmagn	549.528
Sími og tölvukostn	278.631
Securitas hf.	180.606
Sjónvarp	106.287
Uppþvottavél	105.000
Útiborð og bekkur	79.890
Grill	59.900
Ýmislegt, innbú og fleira	284.694
Samtals	1.687.300

8. Ýmis kostnaður


Hreinsunardagur	20.931
Prentun ritföng	12.370
Ýmislegt	88.794
Samtals	122.095

Skýrsla og áritun stjórnar


Að álit stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2017, rekstrarreikningi frá 1. desember 2017 til 30. nóvember 2017 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.


Hafnarfirði, 6. desember 2017



Högni Friðbjólfsson



Pétur Einarsson




Þórarinn Sófusson




Sigrún Eir Héðinsdóttir



Björn Eysteinnsson



Óskar Sigurmundason



Karl Ísleifsson

Úrslit móta 2017

Forkeppni bikars – 31. maí

Punktamót - karlar

- | | | |
|----------------------------|---|---------|
| 1. Þórður Dagsson | – | 38 pkt. |
| 2. Þorsteinn Erik Geirsson | – | 37 pkt. |
| 3. Sigurður Guðjónsson | – | 37 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | |
|------------------------------|---|---------|
| 1. Elín Reynisdóttir | – | 36 pkt. |
| 2. Heiðrún Harpa Gestsdóttir | – | 36 pkt. |
| 3. Helga Ívarsdóttir | – | 32 pkt. |

Strákasprell - 9. júní

Punktamót – 9 holur

- | | | |
|----------------------------|---|---------|
| 1. Kristján Ólason | – | 20 pkt. |
| 2. Þorsteinn Erik Geirsson | – | 19 pkt. |
| 3. Örn Andrésson | – | 19 pkt. |

Góu innfélagsmót – 31. maí

Punktamót - karlar

- | | | |
|-----------------------------|---|---------|
| 1. Sigurður Ben Guðmundsson | – | 42 pkt. |
| 2. Björn Þorfinnsson | – | 36 pkt. |
| 3. Snorri Þór Daðason | – | 34 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | |
|-----------------------------|---|---------|
| 1. Arna Rún Oddsdóttir | – | 32 pkt. |
| 2. Ágústa Hera Birgisdóttir | – | 27 pkt. |
| 3. Stefanía Arnardóttir | – | 25 pkt. |

Jónsmessa – 21. júní

Setbergsscramble

1. Vilhjálmur Valgeirsson, Högni Friðþjófsson, Gunnar Svavarsson og Hjálmar Guðmarsson.
2. Axel Knútsson, Atli Geir Grétarsson, Bergur Reynisson og Valdís María Gunnlaugsdóttir.
3. Stefanía Arnardóttir, Guðni Guðfinnsson og Sigurjón Sigmundsson.

Meistaramót GSE – 5. – 8. júlí

18 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Tryggvi Valtýr Traustason | – | 291 högg. |
| 2. Ólafur Hreinn Jóhannesson | – | 298 högg. |
| 3. Sigurjón Sigmundsson | – | 306 högg. |

Fyrsti flokkur karla

- | | | |
|----------------------------|---|-----------|
| 1. Þorsteinn Erik Geirsson | – | 307 högg. |
| 2. Arna Rún Oddsdóttir | – | 329 högg. |
| 3. Magnús Ólafsson | – | 333 högg. |

Annar flokkur karla

- | | | |
|-----------------------------|---|-----------|
| 1. Sigurður Orri Hafþórsson | – | 355 högg. |
| 2. Guðmundur Stefán Jónsson | – | 357 högg. |
| 3. Ívar Örn Halldórsson | – | 358 högg. |

Þriðji flokkur karla

- | | | |
|-------------------------|---|-----------|
| 1. Guðmundur Jóhannsson | – | 356 högg. |
| 2. Þórður Dagsson | – | 358 högg. |
| 3. Hafþór Theodórsson | – | 359 högg. |

18 holur – Punktar

Fjórfli flokkur karla

- | | | |
|----------------------|---|----------|
| 1. Guðni Guðfinnsson | – | 144 pkt. |
| 2. Kristján Ólason | – | 136 pkt. |
| 3. Einar Sveinsson | – | 128 pkt. |

Kvennaflokkur – 18 holur - punktar

- | | | |
|------------------------------|---|----------|
| 1. Jóhanna M. Sveinsdóttir | – | 124 pkt. |
| 2. Heiðrún Harpa Gestsdóttir | – | 122 pkt. |
| 3. Helga Sigurðardóttir | – | 117 pkt. |

Karla og kvennaflokkur – 9 holur - punktar

- | | | |
|-------------------------|---|---------|
| 1. Hrönn Hallsdóttir | – | 50 pkt. |
| 2. Andri Vigfússon | – | 47 pkt. |
| 3. Guðmundur Svavarsson | – | 47 pkt. |

Opna Setbergsmótið – 7. ágúst

Punktar

- | | | | | |
|----|--------------------------|-----|---|---------|
| 1. | Birgir Guðmundsson | GSF | – | 44 pkt. |
| 2. | Sigurður Hreiðar Jónsson | GKG | – | 42 pkt. |
| 3. | Hannes Jóhannsson | GSG | – | 39 pkt. |

Besta skor án forgjafar

- | | | | | |
|----|--------------------------|-----|---|----------|
| 1. | Sigurður Hreiðar Jónsson | GSE | – | 71 högg. |
|----|--------------------------|-----|---|----------|

Fótboltamótið – 11. ágúst

Texas scramble

1. Ívar Örn Halldórsson og Jón Yngvi Jóhannsson - Newcastle/Arsenal.

Innanfélagsmót kvenna – 12. ágúst

Punktar.

- | | | | |
|---|------------------------------|---|---------|
| 1 | Stefanía Arnardóttir | – | 36 pkt. |
| 2 | Ágústa Hera Birgisdóttir | – | 35 pkt. |
| 3 | Valdís María Gunnlaugsdóttir | – | 35 pkt. |

9 holu innanfélagsmót – 16. ágúst

Punktar.

- | | | | |
|---|------------------------------|---|---------|
| 1 | Ívar Örn Halldórsson | – | 21 pkt. |
| 2 | Ágústa Hera Birgisdóttir | – | 20 pkt. |
| 3 | Valdís María Gunnlaugsdóttir | – | 20 pkt. |

Munck open – 19. ágúst

Punktar.

- | | | | | |
|----|-------------------------|-----|---|---------|
| 1. | Jón Örn Brynjarsson | GVS | – | 41 pkt. |
| 2. | Gísli Sigurgeirsson | GÖ | – | 39 pkt. |
| 3. | Andri Ágústsson | GVS | – | 39 pkt. |
| 4. | Þorsteinn Erik Geirsson | GSE | – | 39 pkt. |
| 5. | Hörður Hinrik Arnarson | GK | – | 39 pkt. |

Besta skor án forgjafar

- | | | | | |
|----|------------------------|----|---|----------|
| 1. | Ernir Steinn Arnarsson | GR | – | 74 högg. |
|----|------------------------|----|---|----------|

Bændaglíma – 30. september

Setbergsscramble

1. Jakob Helgi Richter, Stefán Sólmundur Kristmannsson, Hrafn Guðlaugsson og Esther Eygló Ingibergsdóttir.
2. Snorri Þór Daðason, Árni Björn Erlingsson, Ársæll Steinmóðsson og Valdís María Gunnlaugsdóttir.
3. Þórður Gíslason , Þorsteinn Erik Geirsson, Sigurbjörn Þorsteinsson og Árni Jóhannsson

Bikarmeistari karla

Þorsteinn Erik Geirsson

Bikarmeistari kvenna

Jóhanna Margrét Sveinsdóttir